



Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
b.t. Velferðarnefndar
umsagnir@althingi.is

Kópavogur, 8. apríl 2024
Málsnr. TR: 2404007

Umsögn TR um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga

Velferðarnefnd Alþingis hefur sent Tryggingastofnun (TR) til umsagnar stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga, sbr. þskj. 1290 - 864. mál, 154. lögb. 2023-24. Stofnunin þakkar fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

TR sér ekki ástæðu til að gera efnislegar athugasemdir við frumvarpið en haft var samráð við stofnunina við vinnslu þess. Þar sem um er að ræða mikilvægar breytingar á örorku- og endurhæfingarlífeyriskerfum almannatrygginga sem TR annast framkvæmd á þykir þó ástæða til að koma nokkrum orðum um frumvarpið á framfæri. TR telur að í þeim breytingum sem kveðið er á um í frumvarpinu felist stórt framfaraskref þar sem lagðar eru fram tillögur að einföldun á örorku- og endurhæfingargreiðslukerfum almannatrygginga, aukinni skilvirkni þeirra og gagnsæi. Breytingarnar munu auka réttaröryggi viðskiptavina TR og gera kerfin í heild réttlátari.

Í breytingunum felst aukin samvinna á milli þjónustuaðila innan kerfisins sem mun leiða til bættrar þjónustu. Þar verður lögð áhersla á snemmtæka íhlutun, endurhæfingu og nýja nálgun í mati á getu einstaklinga til virkni á vinnumarkaði. Markviss samvinna þjónustuaðila mun stuðla að heildstæðri nálgun og samfelli í þjónustu við notendur kerfisins þannig að þeir fái rétta aðstoð á réttum tíma. Þá er gert ráð fyrir meiri hvata til atvinnuþátttöku, minni hindrana, meiri stuðning og einstaklingum gert kleift að auka ráðstöfunartekjur sínar með því að draga úr tekjutengingum.

Breyttur og rýmri réttur til sjúkra- og endurhæfingargreiðslna mun fela í sér áframhaldandi og aukna áherslu á endurkomu á vinnumarkað en undanfarin ár hefur nýgengi örorku lækkað sem má rekja til góðs árangurs af endurhæfingu, sérstaklega hjá yngra fólki. Í þeim tilgangi að auka líkur á farsælli endurkomu á vinnumarkað er kerfinu með breytingunum gert kleift að grípa fyrir einstaklinga sem missa framfærslu sína og koma í veg fyrir að einstaklingar falli á milli kerfa eða endi ótímabært á örorku.

TR tekur sérstaklega undir þörf á nýrri nálgun með tilkomu nýs heildræns mats á getu einstaklinga til virkni á vinnumarkaði í stað örorkumats. Núverandi kerfi var tekið upp árið 1999 og tekur takmarkað mið af því samfélagi sem við þekkjum í dag og þá þeim breytingum sem hafa orðið á algengustu greiningum og helstu ástæðum örorku í dag.

TR styður framlagningu þessa frumvarps og fagnar aukinni samvinnu þjónustuaðila í þeim tilgangi að stuðla að betri þjónustu og meiri stuðningi við notendur þess. Stofnunin er að sjálfsögðu boðin og búin til að veita velferðarnefnd frekari upplýsingar og aðstoð telji nefndin ástæðu til.

Virðingarfyllst,

Huld Magnúsdóttir

Forstjóri